

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 100/2023

2023/EES/81/25

frá 28. apríl 2023

## um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/822 frá 24. mars 2021 um breytingu á framseldum reglugerðum (ESB) nr. 1003/2013 og (ESB) 2019/360 að því er varðar árleg eftirlitsgjöld sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin innheimtir af viðskiptaskrár fyrir 2021 <sup>(1)</sup>.
- 2) IX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

*1. gr.*

Eftirfarandi er bætt við liði 31bcl (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1003/2013) og 31bhf (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/360) í IX. viðauka við EES-samninginn:

„, breytt með:

- **32021 R 0822:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/822 frá 24. mars 2021 (Stjtið. ESB L 183, 25.5.2021, bls. 1).“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti framseldrar reglugerðar (ESB) 2021/822, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgildur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 29. apríl 2023, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi farið fram <sup>(\*)</sup>, eða á gildistökudegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 386/2021 frá 10. desember 2021 <sup>(2)</sup>, eftir því hvor dagsetningin er síðar.

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild Stjórnartíðinda Evrópusambandsins og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 28. apríl 2023.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

*Nicolas von Lingen*

formaður.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 183, 25.5.2021, bls. 1.

<sup>(\*)</sup> Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

<sup>(2)</sup> Verður birt.